

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um friðlýsingu og friðun
samkvæmt náttúruverndaráætlun og rammaáætlun.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hvaða svæði og vistgerðir í náttúruverndaráætlun 2009–2013 hafa verið friðlýst? Hvaða svæði og vistgerðir í áætluninni á eftir að friðlýsa?
2. Hvaða tegundir plantna og dýra í náttúruverndaráætlun 2009–2013 hafa verið friðaðar? Hvaða tegundir á eftir að friða?
3. Hvaða náttúrusvæði í verndarflokki samkvæmt þingsályktun um vernd og orkunýtingu landsvæða frá 2013 hafa verið friðlýst? Hvaða svæði í ályktuninni á eftir að friðlýsa?
4. Hafa önnur svæði verið friðuð eða tegundir friðlýstar á núverandi kjörtímabili?

Skriflegt svar óskast.

